

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2016

2017/EES/66/06

frá 18. mars 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulviðssamhæfi (endurúttefningin) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti (endurúttefningin) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka ⁽³⁾.
- 4) Tilskipun 2014/30/ESB fellir úr gildi, frá og með 20. apríl 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 20. apríl 2016.
- 5) Tilskipun 2014/34/ESB fellir úr gildi, frá og með 20. apríl 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB ⁽⁵⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 20. apríl 2016.
- 6) Tilskipun 2014/35/ESB fellir úr gildi, frá og með 20. apríl 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB ⁽⁶⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 20. apríl 2016.
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á X. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB):

„7e. **32014 L 0030:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulviðssamhæfi (endurúttefningin) (Stjútíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).

7f. **32014 L 0034:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti (endurúttefningin) (Stjútíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 309).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 309.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 24.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 374, 27.12.2006 bls. 10.

- 7g. **32014 L 0035:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).“
2. Texti liða 7a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB), 7c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB) og 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB) fellur brott frá og með 20. apríl 2016.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2014/30/ESB, 2014/34/ESB og 2014/35/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.